

Nd. **31. Frumvarp til laga** [30. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi
tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að efla Landhelgisgæzluna að skipakosti við núverandi aðstæður um óákveðinn tíma og telur, að hentugustu skip, sem völ er á í landinu til þessara starfa séu hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi og beri því brýna nauðsyn til, að heimild fái til að taka tvö hvalveiðiskip leigunámi í framan- greindu skyni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.